

Stóra upplestrarkeppnin  
í 7. bekk  
2022–2023



Skáld keppninnar  
Arndís Þórarinsdóttir, Hulda Sigrún Bjarnadóttir  
og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur til flutnings á lokahátíð upplestrarkeppni í 7. bekk vorið 2023.

Búningur sögunnar eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur er miðaður við munnlegan flutning.

## Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

**Áður en upplestur hefst** fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

**Í upphafi fyrstu umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi kynningu á Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur, eða taki saman eigin kynningu.

Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

**Í upphafi annarrar umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Aðalstein Ásberg eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

**Í þriðju umferð** segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað og gætir þess að sem best samhengi fái st í flutninginn.

## Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,  
flytjendur þeirra og röð

1. \_\_\_\_\_
2. \_\_\_\_\_
3. \_\_\_\_\_
4. \_\_\_\_\_
5. \_\_\_\_\_
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_
10. \_\_\_\_\_
11. \_\_\_\_\_
12. \_\_\_\_\_
13. \_\_\_\_\_
14. \_\_\_\_\_
15. \_\_\_\_\_
16. \_\_\_\_\_
17. \_\_\_\_\_
18. \_\_\_\_\_

# Fyrsta umferð: **Svipmyndir úr skáldsögunni *Blokkin á heimsenda* eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur**

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar eru þau Arndís Þórarinsdóttir, Hulda Sigrún Bjarnadóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Arndís fæddist árið 1982. Hún er með BA gráðu í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og auk þess með tvöfalt meistaraþróf í ritlist. Arndís hefur starfað á bókasafni, sem blaðamaður og gagnrýnandi og stýrt fjölmörgum ritsmiðjum, bæði fyrir börn og fullorðna. Hún hefur skrifað margar skáldsögur fyrir börn, ljóð, greinar og sinnt þýðingum.

Hulda Sigrún Bjarnadóttir fæddist árið 1971. Hún lærði sálfræði og bókasafnsfræði og byrjaði að skrifa skáldskap á ensku og hafa fjórar unglingsbækur eftir hana komið út hjá bandarísku bókaforlagi og hafa þær verið þýddar á nokkur tungumál. Þær Arndís og Hulda Sigrún hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar bæði hér á Íslandi og erlendis og meðal annars hafa þær hlotið Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur.

Bókin, sem varð fyrir valinu sem lesefni hér í vor er *Blokkin á heimsenda* sem er samvinnuverkefni þeirra Arndísar og Huldu Sigrúnar og fyrir þessa bók hlutu þær Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barnabóka. Þetta er ævintýraleg saga af undarlegum atburðum. Hún fjallar um Dröfn sem aldrei hefur hitt ömmu sína en einn daginn fer hún óvænt í ferðalag á afskekktu eyju þar sem amman á heima. Allt er þetta spennandi í fyrstu en þegar líður á er þetta heldur skrítið. Lítið samband er við umheiminn og allir sem eiga heima á eyjunni búa í sömu blokk. Blokkin er sérkennilegur staður og þar gengur á ýmsu. Skemmdarverk eru unnin og fjölskyldan liggur undir grun.

*Góða skemmtun!*

## 1. Fjölskylduferðalag

Aukasumarfrí?

Eftir að skólinn byrjaði? Svo ég þyrfti að fá *meira* frí? Þetta var besta hugmynd sem ég hafði nokkurn tímann heyr!

Kappi varð líka rosalega kátur þegar ég sagði honum frá fríinu. Hann skoppaði í kringum mig og galti glaðlega þegar ég sagði honum að hann yrði ekki settur á Hótel Loppudís eins og alltaf þegar við fórum í frí. Tvöföld hamingja!

Sennilega hefði mig átt að byrja að gruna eitthvað þá.

Ingó bróðir minn varð kannski ekki alveg jafnspenntur og við Kappi, en ég sá samt alveg á honum að honum leist ekkert illa á að láta sig hverfa úr skólanum þegar við vorum bara nýbyrjuð eftir sumarleyfið.

Hann benti reyndar á að það væri skynsamlegra að fara í frí suður á bóginn, frekar en norður á heimsenda.

En á þessum heimsenda bjó amma mín sem ég hafði aldrei hitt.

Eiginlega allir sem ég þekkti áttu ömmur. En ekki ég. Ekki svona í alvöru. Mamma hennar mömmu var löngu dáin og mamma hans pabba – amma Eyja kölluðum við hana - bjó á svo fjarlægri eyju að hún hafði aldrei komið í heimsókn til okkar og við ekki heldur heimsótt hana.

„Vá, hvað amma Eyja hlýtur að hlakka til að fá okkur!“ sagði ég.

## 2.

Og nú vorum við á leiðinni. Næstum komin.

Fyrir tveimur vikum hringdi síminn hans þabba nefnilega þegar við vorum að borða kvöldmat. Þabbi fór afsíðis og kom svo til baka, kríthvítur.

Móðir hans reyndist hafa dottið og mjaðmagrindarbrotnað. Hún hafði verið flutt með þyrlu upp á meginlandið þar sem henni var tjaslað saman og spítalinn hringdi í nánasta aðstandanda hennar. Þabba minn, einkason ömmu.

Það var samt allt í lagi með hana. Þannig. Hún var ekki í lífshættu eða neitt svoleiðis. En það var víst samt voðalega mikið mál að mjaðmagrindarbrotna.

Í nokkra daga höfðu þabbi og mamma hvíslast stöðugt á.

„Hún er mamma þín, Atli, auðvitað förum við til hennar. Um leið og hún kemst heim. Og tímasetningin er ... Tímasetningin er ekki slæm. Þú veist það alveg.“

Þabbi hafði muldrað eitthvað og hljómaði ansi ósáttur. En þau héldu áfram að hvíslast á, hringja allskonar símtöl, og stuttu seinna fengum við Ingó bróðir fréttirnar af óvænta haustfríinu okkar.

Ég stóð fremst í skipinu – í stafni, sagði þabbi mér – og virti fyrir mér litlu eyjuna sem við nálgumst. Það voru rosalega fáir um borð. Eyjan hennar ömmu var greinilega ekki vinsæll ferðamannastaður.

### 3.

Nokkrir krakkar komu og störfðu á okkur. Tvær stelpur og einn strákur.

Þau voru ... sérstök.

Þau litu eiginlega út eins og þau hefðu stigið beint út úr gamalli ljósmynd, frá því þegar ekki var búið að finna upp alla litina. Peysurnar þeirra voru síðar og víðar, það var búið að sauma bætur á buxurnar og strákurinn var með gleraugu sem litu út eins og afi hans hefði átt þau áður en hann fékk þau. Það var meira að segja límband á milli augnanna.

„Hæ!“ sagði ég þegar ég sá þau. „Af hverju eruð þið svona asnalega klædd? Eruð þið að leika í einhverju leikriti eða hvað?“

Það hlaut að vera skýringin. En krakkarnir litu hvert á annað eins og ég hefði sagt eitthvað alveg óskiljanlegt.

Strákurinn með gleraugun hrukkaði ennið. „Leikárið hefst ekki fyrr en eftir töðugjöldin,“ sagði hann, eins og það væri augljóst. „Hverra manna ert þú og hvaða erindi átt þú hingað?“

Ég þoldi ekki þegar fólk notaði orð sem ég skildi ekki. Töðugjöld? Erindi?

„Hverra manna?“ sagði ég, til að koma ekki upp um að ég fattaði ekki neitt. „Má fólk ekki koma í frí á þessa eyju eða hvað? Þarf ég að vera *manna*? Þarf ég að hafa skriflegt leyfi frá drottningunni eða hvað?“



#### 4.

„Mér heyrðist að þú værir drottningin,“ sagði hann.  
„Hvað er þetta eiginlega á bolnum þínum?“

Ég leit niður á bolinn minn. Það fór nú ekkert á milli mála hvað var á honum.

„Minecraft,“ sagði ég samt. Strákurinn starði áfram á mig.

Ég hleypti brúnum. Var hann að gera grín að mér? Eða vissi hann í alvöru ekki hvað Minecraft var?

Krakkarnir litu hver á annan, böðuðu út öllum öngum og fóru svo að flissa.

Þau voru að flissa að mér.

Þótt það væru *þau* sem vissu ekki hvað Minecraft var.

Mér leið illa smástund. En svo herti ég mig upp.

Mér var auðvitað alveg sama hvað þeim fannst um mig. Við ætluðum bara að heimsækja ömmu mína og sjá eyjuna sem pabbi ólst upp á. Svo færi ég heim. Ég var ekki komin hingað til að eignast vini.

Krakkarnir horfðu enn stórum augum á mig. Og enn stærri augum á Kappa.

„Hvað er eiginlega að ykkur?“ spurði ég. „Þið látið eins og þið hafið aldrei séð hund áður.“

„Jú, ég hef víst séð hund. Ég sá meira að segja tvo hunda þegar ég fór upp á land,“ sagði gleraugna-gaurinn ákafur og hreyfði hendurnar fáránlega mikið og hratt. „Ég sá einn svartan og hvítan í lystigarði og einn pínulítinn í strætó.“

## 5. Amma

Þarna var hún. Loksins. Ekki mikið stærri en ég, stálgrátt hárið stuttklippt. Og það sem var athyglisverðast: Hún hélt með báðum höndum í litlar tröppur. Upp við þær lágu tvær hækjur.

„Mamma!“ Pabbi saup hveljur. „Hvað ertu að gera?“

„Skipta um peru,“ sagði amma, án þess að blikka auga. „Skipta um peru í minni eigin íbúð eins og ég hef gert síðan áður en þú fæddist, Atli Bríetarson.“

Pabbi hljóp inn í íbúðina og greip báðum höndum um tröppurnar. „Þú getur ekki verið að príla í tröppum *núna*.“

„Ég skal!“ pípti ég. Þetta var fullkomið tækifæri til að koma mér í sess uppáhaldsömmustelpunnar hennar ömmu Eyju. Ég greip peruna af borðinu, stökk upp tröppurnar, skrúfaði gömlu peruna úr og þá nýju í. Svo prílaði ég niður og brosti hreykin til ömmu. „Ekkert mál, amma mín! Þetta er komið.“

Amma starði á mig.

Maður hefði kannski haldið að hún myndi bjóða knús.

En hún gaf bara frá sér hnuss, sneri sér frá mér og greip hækjurnar sínar.

Hún horfði á pabba, og þótt pabbi væri hærri en hún þá virkaði amma einhvern veginn stærri.

Amma greip báðar hækjurnar með vinstri hendi og rétti fram þá hægri. „Sæll, Atli. Það hefði nú verið gaman að fá frá þér skeyti um yfirvofandi heimsókn.“

## 6.

„Atli,“ sagði amma ákveðin. „Viltu fara frá. Núna!“ Svo lyfti hún hækjunni, eins og hún ætlaði að dúndra henni í hvað sem fyrir yrði.

Mamma kippti í pabba svo hann hrasaði í áttina til hennar og við eltum öll ömmu sem staulaðist á hækjunum inn í eldhús.

„Eigum við ekki að hella upp á kaffi, Bríet?“ spurði mamma glaðlega. „Atli, helltu upp á kaffi fyrir okkur, þú ættir nú að kunna til verka hér á bernskuheimilinu. Við komum einmitt með poka af mjög góðri blöndu og ...“

Amma lamdi pabba í sköflunginn með annarri hækjunni.

„Ég hef gert kaffi í mínu eigin eldhúsi í fimmtíu ár og er ekki að fara að lepja eitthvert meginlandssull núna,“ urraði hún á pabba. Kappi læddist undir stól með skottið á milli lappanna. „Hvaða... fyrirbæri er þetta með ykkur?“

Pabbi var farinn að snúa giftingarhringnum sínum ótt og títt eins og hann gerði alltaf þegar hann var stressaður. Eða þegar honum gekk illa í borðspili. „Þetta er Kappi, hundurinn okkar ...“

„Ég þekki hund þegar ég sé hann,“ urraði amma Eyja. „Við ræðum HANN síðar. Ég meina krakkann. Þennan sem óð hér uppi með æðibunugangi án þess að kynna sig.“ Sú gamla gaut á mig auga. „Þú ert stærri en ég hélt. Ef þú ert minni krakkinn.“

## 7. Blokkin

Draumar mínir um bleikt gestaherbergi fyrir ömmustelpuna gufuðu hratt upp.

Það var ekki hótél í blokkinni. Það voru ekki heldur gestaíbúðir í blokkinni.

„Við finnum út úr þessu,“ sagði mamma og flissaði taugaveikluð. „Eru ekki heilleg hús niðri í gamla þorpinu? Við gætum gist þar.“

Amma gelti. Sennilega átti það að vera hlátur.

„Skemmtileg hugmynd, að vera niðri í þorpi,“ urraði hún. „Það er meiri töggur í ykkur en ég hefði haldið.“

Ég vissi ekki hvað töggur var en ég vissi að mér leist ekkert á hann.

„Flestar meginlandsrottur eru feimnar við rafmagnsleysið,“ sagði hún. „Hvað þá að hafa ekki rennandi vatn. Eða klósett.“

Hún hallaði undir flatt. „En það væri auðvitað hægt að grafa sér holu.“

„E... En það er rafmagn hérna í blokkinni,“ sagði mamma hikandi.

„Hérna já,“ sagði amma. „Fyrir okkur í Blokkinni.“ Amma sagði Blokkin eins og hún væri alveg örugglega með stórum staf. „Rafmagn fyrir þá sem taka þátt í samfélaginu. Gera gagn. Hér í Blokkinni höfum við lítið að gera við fólk sem þiggur meira en það leggur til.“ Amma gaut augunum á mig og svo á Kappa.

„Og hvað?“ tísti Ingó bróðir. „Eigum við bara að gista frammi á gangi?“

## 8.

„Á ganginum?“ Amma yggldi sig. „Gangurinn er lífæð Blokkarinnar. Eftir ganginum berast vistir. Eftir ganginum flæða íbúar. Og gangurinn verður ALLTAF að vera auður fyrir slökkviliðið. Svo nei, stærra barnabarn, þú sefur ekki á ganginum.“

„Það eru auðvitað íbúðir,“ muldraði pabbi. „Það býr færri fólk hérna núna en einu sinni, það hljóta að vera íbúðir...“

„Íbúðir!“ fnæsti amma. „Íbúðir eru eyrnamerkar störfum, eins og ég vænti þess að þú munir, Atli Bríetarson. Og þú sinnir engu starfi hér. Það eru engar íbúðir á lausu fyrir óboðna gesti.“

„Hvað leggur þú til að við gerum, Bríet mín?“ spurði mamma og brosti vinalega.

„Ég?“ fnæsti amma. „Ekki var það ég sem flutti ykkur hingað. Það væri nær að spyrja hvað þið leggið til.“

Mamma og pabbi horfðu hvort á annað.

Voru þau í alvöru ekkert búin að skipuleggja sig? Var ekkert plan? Hvers konar foreldra átti ég eiginlega?

„Bríet, það gengur vel að fylla geymslurnar, en sendingin af hveitinu...“

Konan var byrjuð að tala áður en hún kom inn í íbúðina. Hún bankaði ekki eða neitt, kom bara æðandi inn.

Hún horfði á okkur, öll fjögur í hnapp. Svo horfði hún á ömmu Eyju. Svo horfði hún á pabba.

„Jah, ég á barasta ekki eitt einasta orð,“ sagði konan. „Tuttugu og tvö ár,“ hélt hún svo áfram...

## 9. Kartöflugeymslan

Mamma gerði sitt besta til að spjalla við ömmu, sem hafði sest við eldhúsborðið með pappíra og svaraði fáu. En það dróst samt upp úr henni að í dag var einmitt dagurinn þegar þessi Töðugjaldahátíð var haldin. Það yrði einhver svaka veisla í kvöld.

Ég spurði mömmu hvað ég ætti að gera þangað til.

„Skoða þig um!“ sagði hún, ofsalega glaðlega, þar sem þau pabbi stóðu upp við vegginn í stofunni hennar ömmu Eyju og fylgdust með gömlu konunni bardúsa við pappírana sína inni í eldhúsi.

Skoða mig um?

Allt í lagi. Það var skárri en vandræðaleg þögnin í íbúðinni hennar ömmu.

Kappi hafði leitað skjóls inni í búrinu sínu og var sofandi, svo ég skildi hann eftir og fór fram í stigagang.

Ég rölti eftir ganginum að stórum glugga á gaflinum og kíkti út. Fyrir neðan sá ég hreyfingu. Krullur á hreyfingu. Ingó bróðir var sloppinn úr þrælavinnunni hjá Magneu Matráði!

„Ingó!“ kallaði ég, en hann heyrði auðvitað ekki í mér. Ég sá hann taka stefnuna út á tangann þar sem amma hafði sagt að væri smá séns að ná símasambandi.

Amma hafði örugglega verið að spila með hann – það var örugglega ekki símasamband þar heldur.

Ég sneri mér frá glugganum og hélt áfram að skoða mig um.

## 10.

Sumar íbúðirnar voru merktar með nöfnum en á öðrum voru skilti eins og „Skraddarastofa“, „Samkomusalur“ og „Leikfélagið“.

„Viltu koma og sjá kartöflugeymslurnar?“ var allt í einu sagt, þar sem ég var að sniglast í anddyri Blokkarinnar.

„Hvað er í kartöflugeymslunum?“ spurði ég. Strákurinn sem hafði spurt mig að þessu var á mínum aldri – kannski aðeins yngri – og var með eldrautt hár og stór blá augu sem mændu forvitin á mig. Þetta var ekki sá sem ég hafði hitt áðan hjá ferjunni, sem var eiginlega ágætt.

„Kartöflur!“ sagði hann og ljómaði, eins og þetta hefði ekki verið frekar heimskuleg spurning hjá mér.

„Rooooosalega margar kartöflur. Það þurfa líka að vera mjög margar kartöflur – nóg fyrir okkur öll í heilt ár!“

„Nóg fyrir ykkur öll í heilt ár?“ át ég upp eftir honum. „Hvað eruð þið eiginlega mörg?“

„Hundrað níutíu og sjö,“ sagði strákurinn án þess að hika. „Eða sko, tvö hundruð og eitt, núna. Úr því að þið eruð komin.“

„Já, slakaðu á,“ sagði ég. „Það er kannski óþarfi að uppfæra íbúatöluna. Við erum bara í heimsókn.“

„Ó,“ sagði strákurinn. „En...“

„Ég heiti Dröfn,“ sagði ég. „En þú?“

„Krummi,“ sagði strákurinn, sem leit ekkert út eins og hrafn, með svona hvíta húð og rautt hárið.

„Ókei,“ sagði ég. „Ég er alveg til í að skoða þessar kartöflur.“

## 11.

Hann hafði engu logið. Þetta voru mjög margar kartöflur.

Það var auðvitað ekki margt að *gera* í kartöflugeymslunni, svona þegar maður var búinn að kíkja þangað inn, en þetta var samt fínt.

Ég sagði Krumma það.

Hann blés út af stolti, eins og hann hefði einn og sjálfur ræktað allar þessar kartöflur.

„Hvernig verður þetta svo í kvöld?“ spurði ég.

Augun í Krumma ljómuðu við tilhugsunina. „Þetta verður frábært, Dröfn!“ sagði hann. „Við borðum öll saman í Mötuneytinu og ...“

„Mötuneytinu?“ sagði ég. „Er mötuneyti?“

„Auðvitað er Mötuneyti!“ sagði Krummi. „Hvar ættum við annars að borða?“

„Ö, heima hjá ykkur?“ sagði ég.

„Já, við borðum auðvitað morgunmat heima hjá okkur,“ sagði Krummi. „Og svo annaðhvort hádegismat eða kvöldmat. En aðalmáltíð dagsins er í Mötuneytinu.“ Hann klappaði stórum kartöflusekk blíðlega.

Ég starði á hann. „En... Af hverju?“

„Nú, það væri algjört rugl ef það væri bara ísskápur, eldavél og allt í hverri einustu íbúð!“ sagði Krummi og hló. „Þældu bara í rafmagninu sem færi í það!“

Rafmagninu? Ég hafði aldrei mikið *pælt* í rafmagni. Það bara var þarna.

„Eruð þið mikið að pæla í rafmagninu?“ spurði ég.

„Það þarf auðvitað að hafa svolítið fyrir því,“ sagði Krummi hress.



## 12. Brunavarnir

Amma Eyja var mætt á hækjunum sínum.  
„Pú,“ sagði hún þegar hún sá mig. Aftur gaf hún Kappa illt auga. „Ertu búin að gera eitthvert gagn?“

„Gagn?“ sagði ég. „Öh. Ég skoðaði kartöflurnar.“  
„Einmitt það, já,“ rumdi amma. „Og fannst þér það hjálpa kartöflunum?“

„Öh,“ sagði ég aftur.  
„Nei,“ sagði amma. „Þetta grunaði mig. Í okkar samfélagi þurfa allir að hjálpast að. Bróðir þinn er byrjaður að hjálpa til í eldhúsinu en þú hefur enn ekkert gagn gert.“

Gat nú verið. Ég horfði bænaraugum á mömmu og pabba. Þau hlutu að geta útskýrt fyrir ömmu að ég væri ekki í þessu *samfélagi*, ég væri í fríi og ætti ekki að gera nokkuð gagn!

Mamma og pabbi störfðu stíft á tærnar á sér.  
„Nú,“ urraði amma, „þetta með gistingu. Ég er búin að tala við Jensínu Barnakennara og hún á dýnur í íþróttasalnum sem þið getið lagt ykkur á – þú manst eftir þeim, Atli, keyptar árið sem þú varðst sjö ára. Það var gríðarleg framför í íþróttamálum.“

Pabbi kinkaði kolli án þess að líta upp.  
Ég starði á þau.

Pabbi var rosalega gamall! Dýnur sem höfðu verið í notkun í einhverjum íþróttasal í þrjátíu og eitthvað ár gátu ekki verið mjög geðslegar!

### 13.

„Hérna ...“ sagði ég.

„Ég legg því til, krakki,“ sagði amma Eyja hátt og hvessti á mig augun, „að þú farir og sækir þessar dýnur. Nema einhver ykkar vilji frekar sofa á gólfúknun. Þið megið það auðvitað mín vegna.“

„Já, einmitt, kærar þakkir, Bríet mín,“ sagði mamma. „Ég skal bara skjótast með henni Dröfn og...“

„Krakkinn hefur gott af því að bjarga sér,“ urraði amma. „Ég sagði Magneu að hún mætti búast við ykkur Atla í eldhúsið. Það er nóg að gera fyrir veisluna. Margar kartöflur sem þarf að skræla.“ Hér gaf amma Eyja bleiklökkuðum nöglum mömmu minnar illt auga.

„En...“ tísti ég.

„Barnaskólinn er á áttundu hæðinni,“ drundi í ömmu. „Þú finnur íþróttasalinn þar. Það verður gott fyrir þig að fara nokkrar ferðir í stiganum.“

Ég átti ekki til orð. Ég reyndi að finna eitthvað til að segja – til dæmis að ég gæti kannski lagt á borð í Mötuneytinu, en *mamma og pabbi* gætu rogast með dýnur – en það eina sem ég sagði var: „Í stiganum? En lyftan?“

Amma Eyja rak upp roknahlátur. Eða svona stutt, rámt öskur.

„Lyftan,“ sagði hún, „er notuð í neyðartilfellum. Þú, sonardóttir, ert ekki neyðartilfelli.“

Svo snerist hún hægt á hæli og kjagaði aftur inn í eldhúsið.

Ég starði á foreldra mína. Ætluðu þau ekki að mótmæla?

Hvorugt þeirra horfði á mig.

## 14. Töðugjöldin

Ég var þess vegna ekkert í rosa góðu skapi þegar loksins kom að þessum frægu töðugjöldum. En ég var orðin mjög svöng.

-----

Allt í einu heyrðist bjölluhljómur og ég sá ömmu stilla sér upp við enda salarins. Hún hélt á stórri gylltri bjöllu og allir þögnuðu.

„Kæru sambýlingar!“ þrumaði hún yfir salinn. Við hlið hennar stóð Magnea Matráður og túlkaði á táknmáli, væntanlega vegna þess að amma þurfti að nota sínar hendur til að halda í hækjurnar. „Verið velcomin á Töðugjöldin. Í dag þökkum við fyrir gjöfult sumar og hefjum undirbúning vetrarins. Geymslurnar eru fullar og uppskera komin í hús. Við erum reiðubúin. Í dag hefur síðasta ferja sumarsins farið.“

„Ha?“ hvíslaði ég.

„Uss,“ hvíslaði Krummi.

„Við erum tilbúin fyrir veturinn langa, þar sem við dveljum saman í einangrun, styðjum hvert annað og hjálpumst að við öll þau verkefni sem lífið færir okkur, bæði þau vanabundnu og þau óvæntu, þar til vorið – og ferjan – snúa aftur.“

„HVAÐ ER HÚN AÐ MEINA?“ argaði ég.

„Amma þagnaði. Brúnir hennar þyngdust.

ALLIR horfðu á okkur.

„Svona nú, vinan, ekki trufla ræðu ömmu þinnar, við ræðum þetta á eftir,“ hvíslaði mamma.

Ég hvíslaði ekki.

„Ég vil fara heim!“ gólaði ég. „Hvenær kemst ég heim?!“

„Nú, tuttugasta og fimmta maí, auðvitað, sagði gamall maður í salnum. Bæði með röddinni og á táknmáli.“

## 15. Fangar

„Amma? Hvað gerist núna?“

Amma lagði frá sér bókina. „Nú, þið eruð hingað komin. Nú sættum við okkur bara við orðinn hlut eins og siðmenntað fólk.“

Ég klóraði mér í nefinu. „Og hvað gerist þá?“

Amma andvarpaði. „Það er húsfundur eftir nokkra daga. Þá skipuleggjum við veturinn. Við förum yfir listann yfir það hvaða hlutverk og verkefni eru á lausu. Foreldrar þínir fá einhverju úthlutað og þegar þau fá hlutverk og tilgang hér í Blokkinni – þá fáist þið íverustað.“

„Meinarðu íbúð?“ spurði ég.

„Uhum,“ sagði amma.

„Hva... Hvaða hlutverk eru laus?“ spurði ég þótt ég væri skíthrædd við að heyra svarið.

„Þetta kemur allt í ljós. En þegar nýtt fólk kemur í Blokkina þá eru oft einhverjir sem vilja hætta í grunnstörfum og flytja sig í stoðstörf,“ drundi í ömmu.

„Svo það verður eitthvað laust.“

„Hver er munurinn á grunnstarfi og stoðstarfi?“ spurði ég, fyrst amma var ræðnari en vant var.

„Grunnstörfín verður alltaf að manna. Þau eru nauðsynleg til þess að tryggja afkomu Blokkarinnar. Stoðstörfín eru meira upp á punt. Þeim er sinnt þegar og ef við höfum mannskap í það.“

„Hvað eru grunnstörf?“

„Nú, Húsvörðurinn er mikilvægasta starfið,“ sagði amma og hvessti augun á mig. „Svo eru önnur grunnstörf sem snúa að fæðuöflun, úrgangshreinsun og viðhaldi fasteigna.“

## 16. Nýtt heimili

„Jæja,“ sagði amma, stundi, henti frá sér hækjunum og hlammaði sér í eldhússtól. Kappi tólti upp að henni og mændi á hana eins og hann væri líka að bíða eftir mikilvægum úrskurði húsfundar. Amma klappaði annars hugar á kollinn á honum. „Ég er með góðar fréttir.“

„Jæja?“ sagði mamma spennt.

„Fundurinn samþykkti ykkur sem íbúa,“ sagði amma með alvörubunga. Ég sá nú ekki hvað var svona frábært við það. Við *vorum* íbúar, óháð því hvað einhver samþykkti. Ekki komumst við burt.

Amma hélt áfram, „í samræmi við þá niðurstöðu úthlutaði Húsfundur ykkur störfum og húsnæði.“

„Ó, mikið verður gott þegar við hættum að troða þér um tær, kæra Bríet!“ sagði mamma.

Við biðum átekt. Amma lét okkur bíða.

„Sníkjudýrastjóri,“ sagði hún svo.

Pabbi ýlfraði lágt.

„Ha?“ sagði Ingó.

„Atli verður Sníkjudýrastjóri,“ sagði amma hátt.

Við þögðum öll.

„Það var einróma niðurstaða fundarins að maður með alla þessa háskólamenntun væri góður í því að fylgjast með, skrásetja og hemja útbreiðslu sníkjudýra í Blokkinni. Lús, njálgur, flær, öll sníkjudýr sem leggjast á menn eða dýr, eins mýs, rottur, silfurskottur, veggjatítur, allt verður þetta á þinni könnu, sonur sæll. Mikið lán að staðan losnaði þegar húsfundurinn valdi Sævar í hlutverk Skemmtanastjóra.“

Hún var grafalvarleg á svipinn en mér fannst samt eins og henni þætti þetta óþægilega skemmtilegt.

## 17.

„Sníkjudýr,“ sagði pabbi lágt. „Ég er klínískur sálfræðingur. Með doktorspróf.“

„Fyrirtak,“ sagði amma glaðlega. „Þú getur veitt svínunum áfallahjálp ef þau fá flær!“

„En ég?“ spurði mamma svolítið áhyggjufull. „Hvað með mig?“

„Aðstoðarmaður í Gripahúsi,“ sagði amma.

„Sem þýðir...?“ spurði mamma.

„Þú mokar skít.“

Ekkert okkar sagði neitt í smástund.

„Ingólfur,“ sagði amma, „drengurinn ku standa sig prýðilega og heldur áfram störfum sínum fyrir Magneu. Og minni krakkinn...já... við finnum eflaust verkefni fyrir hann. Í samræmi við getu og hæfileika, já, skyldu slíkir koma í ljós.“

Ég opnaði munninn. Ég lokaði munninum. Mögulega kæmi það sér bara betur fyrir mig að amma héldi að ég hefði hvorki getu né hæfileika í eitt né neitt.

„En húsnæðið?“ spurði mamma. Pabbi starði út í vegg og virtist alveg orðlaus.

„Já, auðvitað,“ sagði amma. „Þið fáid einhverja holu. Ekkert stórmerkilegt, auðvitað. Það er ekki hægt að redda öllum svítu sem birtast hér óboðnir með síðustu ferjunni. Þið takið því sem býðst, það verður að vera þannig.“

„Hóla?“ sagði ég, full grunsemda. *Hóla?* Ég var alveg viss um að það hlaut að vera til eitthvað betra en *hóla* í þessari stóru blokk. Sérstaklega fyrir fólk sem var komið í mjög mikilvæg grunnstörf í samfélaginu.

## 18.

En íbúðin okkar... holan okkar... var ekki beint íbúð. Þetta var herbergi, ansi stórt herbergi samt, og það var meira að segja gluggi. Hann var hálfur niðurgrafinn en samt, gluggi.

Gat alveg verið verra! Kappa virtist lítast vel á sig. Hann rölti hring eftir hring í tómu herberginu og kom sér svo fyrir í einu horninu.

„Ekkert eldhús,“ sagði mamma hugsí.

Ég hafði meiri áhyggjur af því að það var ekkert klósett en vildi ekki vera sú fyrsta til að benda á þetta smáatriði.

„Það skiptir engu máli, mamma,“ sagði Ingó. „Það eldar enginn inni í íbúð, það væri bara bruðl á rafmagni.“

-----

Ég fór út og fór mitt hefðbundna rölt um Eyjuna með Kappa, kíkti út á Tanga til Ingós og niður í fjöru til að tína rusl. Ég hafði hneykslast á öllu ruslinu við Krumma, og hann hafði sagt mér að ruslið kæmi sko ekki héðan frá Eyjunni, heldur frá öllum öðrum stöðum í heiminum. En það þýddi víst lítið að bíða eftir því að eigendur þess kæmu að sækja það, svo íbúar Blokkarinnar hreinsuðu fjöruna eins og hægt var. Það var annað hvort það eða bíða eftir því að Eyjan hyrfi í ruslahauginn.

Þegar ég kom heim aftur hafði ástandið ekki batnað. Þabbi lá uppi í rúmi með hendurnar krepptar utan um rafmagnslausan símann.

Þau höfðu loksins fattað þetta með klósettið.

# Önnur umferð: Ljóð eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson

## Inngangur kynnis

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson fæddist árið 1955 á Húsavík.

Hann stundaði nám við Verslunarskóla Íslands og lauk þaðan stúdentsprófi 1976. Hann stundaði einnig nám í íslensku við Háskóla Íslands, auk náms í tónlist og leiklist.

Frá árinu 1980 hefur hann að mestu helgað sig ritstörfum, ásamt því að reka bóka- og tónlistarútgáfuna Dimmu. Hann hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín og nýlega hlaut hann viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins fyrir árið 2022. Ljóð hans hafa verið þýdd og birt á meira en tug tungumála og barnabækur hans hafa komið út á Norðurlöndum og víðar. Á sviði tónlistar hefur hann samið bæði tónlist og söngljóð sem hafa víða verið gefin út.

Hann var formaður Rithöfundasambands Íslands 1998-2006 og sat í stjórn STEFS um árabíl.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Aðalsteins Ásbergs en þau eru:

Áræði

Varnaðarorð til saklausra

músa

Áhætta

Dropi í hafið

Af vegum

Myrkraherbergið

Bjartsýni

Blæbrigði

Haustfuglar

Heilsaðu einkum

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

*Góða skemmtun!*



## Áræði

Ég dáist að brekkusniglinum  
þolgæði hans og þrautseigju  
þegar malbikaður vegurinn  
er lagður þvert á leið hans.

Svo torvelt að ferðast  
og auðvelt að láta bugast.

Eina nóttina heldur hann  
áræðinn af stað  
hefur hlustað vandlega  
eftir veglegum titringi.

Og yfir kemst hann  
ókraminn ofurhugi.

Ég dáist að brekkusniglinum  
á hægferð um heiminn  
sem kemst að lokum sína leið.

## **Myrkraherbergið**

Lítil svört kompan  
þar sem rauðum bjarma  
slær á borð og hillur  
bakka með fúlu vatni  
og hendur, sem rjála við  
rykfallinn stækkarann.

Skrjáfandi filmubútar  
festir upp á þráð  
eldfimt myndefni  
sem molnar sundur  
við minnstu snertingu.

Á löngum tíma  
geta lífseigir skuggarnir  
skriðið í gegnum vegg  
gegnum hold og blóð  
og haldið manni föstum.

## **Varnaðarorð til saklausra músa**

Ekki ímynda ykkur í einfeldningskasti að utan þessa hlýja hreiðurs sé annar og betri heimur eða aðstæður sem kunni að henta auðtrúa mýslu sem á sér von um að lifa í sátt við menn og músarguðinn sjálfan.

Ekki reiða ykkur á það í móðu harðindanna að menn vilji þyrma smáum ómálga titlum sem aðhafast lítið og mega sín einskis þegar stóreflis skófla er annars vegar og árvökul augu bóndans sem treður hlöðuna fulla af heyi.

Ekki tjóar að hnipra sig saman og treysta í blindni á miskunn og náð eða blessun hinstu stundar því illskeytt grimmdin hraðar sér eftir krókaleiðum og kemst með glóðheitri einbeitingu alla leið þangað sem angistin blundar og grefur um sig í hjarta manns.

## **Bjartsýni**

Maður vaknar að morgni  
vaknar og man innan tíðar  
að kvöldið bíður vart boðanna  
kvöldið sem ákaft fagnar  
öllum með einhverjum hætti.

Maður vaknar og þráir  
vaknar með ný orð á vörum  
og lífið sem vert er að njóta  
lífið af fullum þunga  
skellur á rúmhelgum degi.

Maður vaknar af draumi  
vaknar um síðir og finnur  
allt stefna að einstökum punkti  
stefna til vegs og dáða  
hvernig sem veröldin breytist.

Maður vaknar til sólar  
vaknar í skínandi birtu  
og áður en hendi er veifað  
áður en skref er tekið  
fréttist að senn komi nóttin.

## Áhætta

Komi ég upp á háan hól  
fer ekki hjá því að mig langi  
að rúlla mér niður brattann  
alla leið þangað sem jafnsléttan  
tekur við - og liggja svo grafkyrr.

Heyri ég kallað hástöfum  
að þetta sé varhugaverður leikur  
finn ég prakkarann koma upp í mér  
kæri mig kollóttan um garnaflækju  
og grasið má alveg ljá mér sinn lit.

Hættan sem felst í þessu  
er hugsanlega sú staðreynd  
að heimur bernskunnar stendur  
mér ennþá nærri þótt alla jafna  
sé ég staddur á öðru æviskeiði.

## Blæbrigði

Það er ekki sama hvernig  
þú segir nafnið mitt  
hitinn í rómnum gerir gæfumuninn  
og áherslan, umfang atkvæðanna  
eftirbragðið á tungunni  
á meðan við horfumst í augu.

Allt spilar þetta saman  
lætur mér skiljast að þú  
hafir eingöngu mig í huga.  
Þú getur kallað það sérvisku  
kanski nánast ofdirfsku  
en svona er það samt.

Það er ekki sama hvernig  
þú segir nafnið mitt  
jafnvel þegar lítið liggur við.

## **Dropi í hafið**

Í morgunsárið fellur regnið  
hlýtt og mjúkt á raka jörðina  
eftir næturkulið.

Eftir næturkulið vakna blóm,  
stirð og guggin, en lifna svo við  
þegar líða tekur á daginn.

Ólgandi flaumurinn skellur á  
og ásamt öðru rekur hugann  
að grárri ströndinni.

Að grárri ströndinni stefna nú  
margar óráðnar gátur draumsins,  
sem hvarf eins og dropi í hafið.

## **Haustfuglar**

Það flugu tveir svanir  
suður yfir heiðar  
ég sá þá snemma morguns  
hverfa bakvið ský.

Langt síðan ég heyrði  
hóglát vængjatökin  
og hélt mig geta fundið  
andblæ annars tíma.

Lét fyrst sem ég væri  
laus við fjaðrabýttinn  
en langaði til að vita  
hvað réði slíkri för.

Það flugu tveir svanir  
og sumarið með þeim  
ég sá alla litina týnast  
í haustgrárri heiði.



## Af vegum

Af vegum heimsins  
þykir mér vænst um  
engjaveginn gamla  
moldrauðan troðning  
gegnum kargaþýfi.

Puntstráin stoltu  
standa um hann vörð  
og hafa sumarlangt  
vonast eftir fleiri  
vagnhlössum af heyi.

Breiðgötur og stræti  
steinlögð markaðstorg  
hraðbraut yfir blindhæð  
brýr sem tengja lönd.  
Allt er það einhvers virði.

En engjaveginn gamla  
þykir mér vænst um  
af vegum.

## Heilsaðu einkum

Æ, þú veist hvernig þetta er.  
Fuglarnir löngu farnir úr garðinum  
og höfðu reyndar ekkert úthald  
til að sinna aðkallandi verkefnum.

Samt ætti ég að ná til þín á endanum  
án þess að argast í þessum ljúfa vorboða.  
Veit bara ekki fyrir víst hvort þú getur  
tekið á móti svona einföldum skilaboðum.

Engillinn minn, þegar þú lest þetta  
er ég löngu hættur að sofa fyrir ölduróti  
engar smáar bárur lengur við ströndina  
og stormurinn rífur og slítur allt lauslegt.

Sumardalinn hef ég ekki heimsótt lengi.  
Á skúffubotni geymir þú skúfina rauða.